

## ROF-2017-09 Þjóðlist og dans frá Noregi

*„Markmið verkefnisins er að kynna norska þjóðlagatónlist og þjóðdansa fyrir skólakrökkum og almenningi í Þingeyjarsýslu með sérstaka áherslu á danstónlist fyrir fiðlu og harmoniku í Noregi. Það er von verkefnisstjóra að heimsókn Norsku listamannanna dragi fram í dagsljósið frændsemi þjóðanna með því að benda á sameiginlegan tónlistararf og verði lyftistöng fyrir þessa gamalgrónu tónlist í Þingeyjarsýslu“. Úthlutunarnefnd telur verkefnið líklegt til að auðga menningarstarf á Raufarhöfn og leggur til að verkefninu verði veittur styrkur, enda verði haldið námskeið á Raufarhöfn í tengslum við heimsókn listamannanna.*

Verkefninu var úthlutað kr. 75.000.- árið 2017.